Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 - Bíldudalur

Skoðunarskýrsla #6666
Reglubundin skoðun
FE-1204_ARN-00004

Eftirlit framkvæmt 04/11/2026 og skýrsla send 04/11/2026
Fossfjörður - Arnarfirði

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Karl Steinar Óskarsson og Hulda Soffía Jónadóttir, sinntu óboðuðu reglubundnu eftirliti með vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldi hjá Arnarlax í Fossfirði í Arnarfirði. Eldissvæðið er starfrækt samkvæmt rekstrarleyfi nr. FE-1204. Eftirlitið fór fram á tímabilinu 14. september til 31. október 2026 (vikur nr. 38, 40, 41, 42 og 43).

Matvælastofnun yfirfór innsendar skýrslur rekstrarleyfishafa vegna vöktunar á viðkomu sníkjudýra í eldi sem rekstrarleyfishöfum í sjókvíaeldi ber að sinna skv. 49. gr. og 55. gr. rgl. nr. 540/2020. Nánar kveðið á um tíðni vöktunar skilgreind í viðauka VI sömu reglugerðar.

Að eftirliti loknu er til staðar eitt alvarlegt frávik.

Matvælastofnun gerir þær kröfur að úrbótum á alvarlegum frávikum fari fram og mun fylgja því eftir með óboðuðu eftirfylgnieftirliti.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn	Arnarlax ehf.	**Undirbúningur**	30 mín.
Kennitala viðtakenda	580310-0600	**Frágangur**	1 klst.
Skoðunarmaður	Karl Steinar Óskarsson	**Tímar við úttekt**	4 klst.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	0 klst.

Alvarlegt frávik

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í sjókvíaeldi

Samkvæmt 55. gr. rgl. nr. 540/2020 skal rekstrarleyfishafi í sjókvíaeldi skila skýrslu um niðurstöður úr vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldi samkvæmt viðauka VI. Skýrslur samkvæmt fyrrgreindum viðauka skulu sendar til Matvælastofnunar eigi síðar en einni viku eftir framkvæmd vöktunar. Í viðauka IV fyrrgreindrar reglugerðar segir að tíðni talningar skuli vera einu sinni á tveggja vikna fresti þegar hitastig sjávar er á bilinu 4°C til 8°C. Telja skal einu sinni í viku þegar hitastig sjávar er yfir 8°C. Í sama viðauka kemur jafnframt fram að umfag talningar skuli vera þannig að telja skuli úr öllum kvíum á kvíastæði og að telja skuli lús á að minnsta kosti tuttugu fiskum í hverri kví.

Skýrslur Arnarlax vegna vöktun á viðkomu sníkjudýra á eldissvæði sínu i Fossfirði í vikum 39, 40 og 41 eru fullnægjandi. Í skýrslu vegna vöktunar á viðkomu sníkjudýra í viku 38 og 43 hefur talning ekki farið fram og í skýrslu fyrir viku 42 fór talning fram í einni eldiskví af fimm. Í ljósi þessa að talning fór ekki fram með fullnægjandi hætti í viku 38, 42 og 43 er skráð alvarlegt frávik í eftirlitsskýrslu þessa.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 04/11/2026 fór fram reglubundin skoðun og var skýrsla send viðtakanda 04/11/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 1 skoðunaratriði, þar af 1 alvarlegt frávik og 0 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit: 1 af 21 skoðunaratriðum voru yfirfarin. Þar af var 0 frávik og 1 alvarlegt frávik.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit

• Viðbragðsáætlun vegna sníkjudýra í ...

Eftirfarandi atriði voru ekki skoðuð:

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innri úttektir - sannprófun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innra eftirlit
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Verklagsreglur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Nýliðaþjálfun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Gæðahandbók
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Búnaður til að endurheimta fisk
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlun vegna stroks
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Framkvæmd flutnings
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Merkingar sjókvíaeldisstöðva
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Hvíld eldissvæða
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Eldissvæði
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Eftirlit og viðgerðir á netpokun
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Eldisbúnaður
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Dauðfiskur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Bátar og flutningstæki
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Dagbókarfærslur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Rekstrarleyfi